



Uppbygging



Fleiri valkostir fyrir
foreldra ungra barna



Nýjar lausnir í bland við gamlar

Eitt af mikilvægustu verkefnum Reykjavíkurborgar er að tryggja yngstu borgurunum og foreldrum þeirra öryggi, faglegt starf og velliðan.


Borgarbörn er átaksverkefni sem miðar að því að bjóða upp á fjölbreytta þjónustu fyrir foreldra yngstu borgaranna. Kraftinum er beint að því

timabili í lífi foreldra sem hefst þegar fæðingar-orlofi lýkur. Verkefnið miðar að auknum sveigjanleika í þjónustu fyrir yngstu börnin, til viðbótar við metnaðarfulla uppbyggingu leikskólakerfis borgarinnar. Lokamarkmiðið er að Reykjavíkurborg bjóði fjölbreytta þjónustu fyrir fjölskyldur allra barna frá 12 mánaða aldri.

Helstu markmið með verkefninu Borgarbörn:

- Ungbarnaskólar fyrir börn til þriggja ára aldurs verði settir á laggirnar.
- Bjóða upp á þjónustutryggingu, greiðslu til foreldra barna sem hvorki eru í leikskóla né hjá dagforeldri.
- Tryggja að árið 2012 geti foreldrar allra barna 1 árs og eldri valið um þjónustu með markvissri uppbyggingu leikskóla, fjölgun deilda í eldri leikskólum og hraðari uppbyggingu í nýjum hverfum.
- Styðja dagforeldrakerfið betur og efla það með hærri greiðslum til dagforeldra.
- Gera tilraunir með nýjar leiðir í þjónustu dagforeldra.
- Tryggja rafræna þjónustu við foreldra til að einfalda upplýsingaflæði og yfirsýn.

SVONA ER PETTA:



SVONA Á PETTA AÐ VERA:



- Fæðingarorlof ○ Leikskóli ○ Dagforeldri ○ Greiðsla til foreldra ○ Greiðsla til 3ja aðila

ÞJÓNUSTRYGGING - ný leið fyrir foreldra

Við lok fæðingarorlofs eru enn of fá úrræði í boði fyrir yngstu börnin. Uppbygging á fjölbreyttum þjónustuleiðum tekur tíma og þar sem enn vantar upp á að öll börn geti byrjað í leikskóla, eða fengið dagforeldra þegar þörf er á, er foreldrum nú boðið upp á að sækja um þjónustutryggingu. Þjónustutrygging er mánaðarleg greiðsla sem

foreldrar geta sótt um og ráðstafað að eigin ósk. Henni er ætlað að brúa bilið frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til barnið byrjar í leikskóla. Foreldrar geta valið um að nýta greiðslurnar eftir þörfum og aðstæðum. Þannig geta þeir kosið að vera sjálfir lengur heima með barni sínu eða greiða ættingja fyrir að gæta barnsins.



Hvernig sækir foreldri um þjónustutryggingu?

Hægt er að sækja um þjónustutryggingu á vefsíðu Reykjavíkurborgar um leið og umsókn um leikskóla-pláss er fyllt út, frá og með **1. september 2008**. Upphæð þjónustutryggingar er **35.000 kr.** á mánuði.

- 1.** Farið er inn á leikskólavefinn, www.leikskolar.is. Þar er **Rafræn Reykjavík**, þjónustuvefur Reykjavíkurborgar þar sem hægt að nálgast umsóknir um þjónustu borgarinnar.
- 2.** Foreldri skráir sig inn í Rafræna Reykjavík og fyllir út umsókn um leikskólapláss á hefðbundinn hátt. Þegar því er lokið er boðið upp á að fylla út umsókn um þjónustutryggingu. Ef barnið er nú þegar á biðlista eftir pláss í leikskóla þarf aðeins að fylla út umsókn um þjónustutryggingu.
- 3.** Þegar umsókn um þjónustutryggingu er fyllt út þarf að ákveða hver á að fá þjónustutryggingu, foreldri eða annar aðili, til dæmis ættingi sem ætlar að gæta barnsins.

Þjónustutrygging fellur niður um leið og barn hefur nám í leikskóla eða hjá dagforeldri. Nánari upplýsingar og leiðbeiningar eru á www.leikskolar.is og í síma 411 1111.



Þjónusta við yngstu borgarana

Reykjavíkurborg rekur í dag um 80 leikskóla fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til 5 ára og greiðir með börnum í 16 sjálfstætt starfandi leikskólum. Margir foreldrar yngri barna nýta sér þjónustu dagforeldra á tímabilinu frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskólagangan hefst.

Í ágúst 2008 eru:

- 5705 börn í 80 leikskólum Reykjavíkurborgar.
- 889 börn í 16 sjálfstætt starfandi leikskólum.
- 888 börn hjá 188 dagforeldrum.

Í leikskólum borgarinnar er lögð áhersla á að gera námsumhverfi barnanna hvetjandi með hlíðsjón af ýmsum uppeldisstefnum, svo sem með skapandi

starfi í anda Reggio Emilio stefnunnar, sérstakri áherslu á lífsleikni og jóga, áherslu á náttúru og umhverfi og stærðfræðikennslu byggða að hluta til á hugsmiðahyggju, svo fátt eitt sé nefnt. Þá hefur verið unnið markvisst að því að auka upplýsingastreymi milli foreldra og leikskóla, meðal annars með aukinni vefmiðlun. Sjá nánar á www.leikskolar.is.

Kostnaður við leikskólarekstur er niðurgreiddur að stórum hluta af Reykjavíkurborg en foreldrar greiða sjálfir um 12% af kostnaðinum. Heildarkostnaður vegna reksturs leikskóla í Reykjavík nam um 10 milljörðum króna árið 2007 og þar af var bein greiðsla foreldra í formi leikskólagjalda samtals um 940 milljónir.



Leikskólasvið Reykjavíkurborgar
Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík
www.leikskolar.is



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið